

Ársskýrsla stjórnar SÍM 2021-2022

Stjórn SÍM frá aðalfundi 29. maí 2021 til aðalfundar 14. Maí 2022

Stjórnina skipa Anna Eyjólfsdóttir, formaður, Hlynur Helgason, varaformaður, með stjórnendur Freyja Eilíf, Hildur Elísa Jónsdóttir, Pétur Thomsen og varamenn Elísabet Stefánsdóttir og Páll Haukur Björnsson.

Starfsárið 2021-2022

Starfsemi SÍM er margþætt og hefur rekstur vinnustofa fyrir listamenn orðið fyrirferða meiri með árunum eftir því sem vinnustofuplássum hefur fjölgað. Því var ákveðið að aðskilja húsnæði frá almennum rekstri félagsmála SÍM. Ingibjörg Gunnlaugsdóttir heldur utan um húsnæðismálin, SÍM Residency, Listskreytingasjóð og Artótekið, Ásgerður Júlíusdóttir var ráðin til að sjá um annan rekstur skrifstofu SÍM, og tók við starfi framkvæmdastjóra skrifstofu SÍM í nóvember sl.. Fjöldi félagsmanna SÍM er nú samkvæmt endurskoðuðu félagatali 934 talsins.

Skrifstofa SÍM

Auk formanns eru starfsmenn SÍM fimm talsins í fjórum stöðugildum: Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri rekstarfélagsins, Ásgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofu, Elma Óladóttir, bókarí, Martynas Petreikis, verkefnastjóri SÍM Residency og Friðrik Weisshappel, umsjónarmaður húsnæðis.

Meginverkefni stjórnar SÍM eru:

Að fara með stjórn sambandsins milli aðalfunda
að gæta hagsmuna og réttar myndlistarmanna,
að vera málsvari þeirra og samningsaðili,
að efla starfsumhverfi þeirra og starfsgrundvöll
að vinna að bættum kjörum myndlistarmanna

Fundir stjórnar SÍM: Stjórnin hefur fundað mánaðarlega (12 fundir) og stundum oftari, og hafa flestir stjórnarfundir farið fram á Zoom vegna samkomutakmarkana. Stjórnarmenn hafa einnig fundað með ýmsum aðilum innanlands og erlendis sem tengjast myndlistarsviðinu, og þá oft á fjarfundum en einnig með hefðbundnum hætti þegar færi hafa gefist.

Sambandsráðsfundir voru þrjár

(Sambandsráðsfundur = fundur með formönnum fagfélaga innan SÍM)

Fundir voru haldnar þrisvar sinnum á árinu og hafa þeir verið mjög gagnlegir til að auka upplýsingaflæði milli stjórnar SÍM og aðildarfélaganna innbyrðis og gefa betri yfirsýn. Þar eru til dæmis ræddar nauðsynlegar áherslur, eða atvik sem koma upp, sem og skipulagningu viðburða.

(Dagsetningar funda: 7. júní 2021, 15. nóvember 2021, 4. maí 2022).

Almennir félagsfundir voru tveir.

Sá fyrri var haldinn 29. maí 2021 þar sem kynnt var starfsemi Myndstefs og höfundarréttur.

Sá síðari var haldinn sem fjarfundur 7. mars 2022. Tilefni hans var nokkur brot á höfundarrétti sem hafa komið upp undanfarið. Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og

Aðalheiður Dögg Finnsdóttir Helland fulltrúar Myndstefs kynntu efnið og stýrðu umræðum.

Starfsár SÍM árið 2021–2022 hefur eins og árið 2020 litast mjög af Covid heimsfaraldrinum og áhrifum hans á samfélagið. Samkomutakmarkanir hafa svo gott sem lamað allt sýningarhald á síðasta ári fram á vorið 2022. Það segir sig sjálft að þetta hefur haft gríðarleg áhrif á allt starf myndlistarmanna og afkomu þeirra. SÍM hefur á undanförunum mánuðum lagt höfuðáherslu á að sporna gegn neikvæðum áhrifum covid-19 á afkomu sjálfstætt starfandi félagsmanna. Það má segja að allt síðasta ár hafi starf skrifstofu og stjórnar snúist að mestu leiti að því að ná fram auknum fjárframlögum til þeirra opinberu sjóða sem myndlistarmenn geta sótt til.

Tilnefningar SÍM í nefndir og ráð

Stjórn SÍM tilnefnir fulltrúa myndlistarmanna í ýmsar nefndir og ráð á vegum hins opinbera, eins og kveðið er á um í lögum SÍM:

Myndlistarráð

Launasjóður myndlistarmanna úthlutunarnefnd

Kynningarmiðstöð íslenskra myndlistar:

Fulltrúaráð KÍM

Fagráð KÍM

Dómnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna

Listasafn Íslands – Innkaupanefnd

Listskreytingasjóður ríkisins

Innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna (BÍL)

Fulltrúi BÍL í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar

Muggur – úthlutunarnefnd

Stjórn Skaftfells (fulltrúi BÍL)

Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands

Höfundaréttarráð

Trúnaðarmaður SÍM vegna Samkeppna

Leikminjasafn Íslands

Listasafnsráð Listasafns Akureyrar

Stjórn Serrasjóðs

The Icelandic National Committee of IAA - International Association of Art

Tekin var upp sú nýbreytni að kalla eftir félagsmönnum sem gefa kost á sér til að vinna í nefndum og ráðum á vegum SÍM. Svörunin var mjög góð og hefur verið útbúinn listi yfir þessa aðila. Þetta hefur gefið mjög góða raun.

Sjóðir sem veita styrki til myndlistarmanna:

Starfslaunasjóður
Myndlistarsjóður, verkefnastyrkir
Ferðasjóður KÍM
Myndstef, verkefnastyrkir og ferða-og menntunarstyrkir
Muggur, dvalarstyrkir fyrir dvöl erlendis

Bæjarlistamenn á vegum sveitarfélaga
Einstakir styrktarsjóðir
Minningarsjóður um Gerði Helgadóttur árið 2021
Sjóður Richards Serra
Sjóður Wilhelms Beckmanns.
Styrktarsjóður Svarvars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur.
Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur (Erró)
Félagsmenn geta sótt um dvalarstyrki fyrir dvöl erlendis í Mugg tvisvar á ári.
Félagsmenn geta sótt um verkefnastyrki og ferða-og menntunarstyrki til Myndstefs einu sinni á ári.

Verkefni /viðburðir SÍM 2021 -2022

Portfolio Reviews - Möppuviðtöl

Í samstarfi við Akademiú skynjunarinnar voru skipulagðar heimsóknir erlendra sérfræðinga á myndlistarsviði til að veita félagsmönnum SÍM möppuviðtöl, og einnig heimsóknir í vinnustofur síðastliðið sumar .

Vegna Covid 19 þurfti að fresta komu fjögurra sýningarstjóra frá bandaríkjunum þeim Dr. Janne Sirén safnsstjóra Albright-Knox Art Gallery, Buffalo og þriggja annara sýningarstjóra þaðan, en þeir höfðu boðað komu sína í SÍM húsið til að heimsækja félagsmenn SÍM. Heimsóknir sem þessar hófust árið 2019 og tókst að halda þeim áfram með hléum fram á vorið 2021, en það hefur verið mikill áhugi fyrir þeim.

Mánuður myndlistar 2021

Mánuður Myndlistar var haldinn í október 2021 og samanstóð annarsvegar af skólaheimsóknum myndlistarmanna og hins vegar hlaðvarpsþáttum í samstarfi við BÍL.

Alls fóru 7 myndlistarmenn í 15 skóla víðsvegar um landið. Verkefnið er gríðarlega vinsælt meðal grunn- og framhaldsskóla en alls sóttu 52 skólar um að fá slíka heimsókn. Vegna lágra styrkja hins opinbera til verkefnisins var aðeins unnt að verða við 15 umsóknum að þessu sinni (en SÍM stefnir á að heimsækja fleiri skóla í október á þessu ári).

Reykjavíkurborg styrkti skólakynningar í mánuði Myndlistar 2021 með 400.000 kr, sem fór í að greiða listamönnum fyrir framlag sitt.

Torg Listamessa 2021 er liður í Mánuði myndlistar

Torg Listamessa var haldin tvær helgar, dagana 14.-23. október 2021 eftir árs hlé sem orsakaðist af covid-19. Sýningarstjóri var Annabelle von Girsewald. Alls tóku yfir 70 listamenn þátt í Listamessunni auk 15 erlendra gestalistamanna SÍM Residency. Alls voru sýningarbásarnir 50. Gríðarlega mikil aðsókn var að messunni og góð sala, og kaffiaðstaða á Suður-loftinu var afar vinsæl, og skapaði kósí andrúmsloft umhverfis messuna. Heildarsala verka þátttakenda á Torginu var tæplega 25 milljónir króna en það er talsverð aukning frá árinu 2019. SÍM fékk tveggja milljóna króna verkefnisstyrk frá Reykjavíkurborg fyrir Torg Listamessu 2022.

World Art Day 2022

SÍM tók þátt í World Art Day í annað skiptið 2022 og var ákveðið að tileinka þennan dag Úkraínskum listamönnum og list. WAD var haldinn í samstarfi við Bandalag íslenskra listamanna. Úkraínskum listamönnum var boðið að senda allt að 5 mínútna langt myndband um sig og sína list. Alls tóku 13 listamenn/listahópar þátt og voru myndböndin birt á World Art Day þann 15. Apríl sl. Eitt myndbandanna var valið sýningar á RÚV en framtakið vakti talsverða athygli. Öll myndböndin verða áfram til sýnis á heimasíðu SÍM og Instagram síðu SÍM. Hver þátttakandi fékk styrk að upphæð 200 evrur hver fyrir sitt framlag til World Art Day.

Umsóknir um styrki vegna verkefna og viðburða SÍM 2022-2023

Borgarhátíð - Korpúlfsstaðir menningarmiðstöð SÍM í Grafarvogi

SÍM sótti um þátttöku í Borgarhátíð Reykjavíkur á yfirstandandi ári (2022) ásamt tilheyrandi verkefnisstyrk.

Ef umsóknin verður samþykkt verður Mánuður Myndlistar og Torg listamessa 2022 (í október mánuði) framlag SÍM á Borgarhátíð 2022. Þá verður til dæmis ráðinn sýningarstjóri messunnar, verkefnisstjóri og kynningarstjóri fyrir viðburði SÍM á hátíðinni, fengnir erlendir og innlendir listrýnar til að halda erindi á málþingum í fundarsalnum, og margt fleira.

Ekki hefur enn borist svar við umsókninni, en þess má vænta nú í lok maí.

Útgáfa rita á vegum SÍM

Vorið 2022 var sótt um úgáfustyrk í Myndlistarsjóð til að hefja efnisleit og undirbúning fyrir ritun sögu SÍM í tilefni af 40 ára afmæli félagsins, og fengum við styrk að upphæð kr. 500.000

Jafnframt var sótt um styrk til að gefa út kynningarrit um 20 ára sögu SIM Residency og fengust kr 800.000 í styrk.

Nordic Culture Point, vor 2022

SIM Residency sótti um styrk til að bjóða sjö norrænum listamönnum og listamönnum frá Eystrasaltslöndunum til dvalar á Korpúlfsstöðum í janúar 2023. SIM Residency fékk styrk að upphæð 48.060 EUR.

International sculpture symposium - TREENCARNATION

Samstarf SÍM, SUVA og IAA í Bratislava. Umsóknarfrestur er 15. Maí.

Önnur verkefni skrifstofu SÍM

SÍM Gallerí og Hlöðuloftið

Á vegum SÍM eru rekin tvö sýningarými, annars vegar SÍM Gallerí í SÍM Húsinu í Hafnarstræti og hins vegar Hlöðuloftið á Korpúlfsstöðum. Auglýst er eftir umsóknum um sýningar félagsmanna einu sinni á ári og standa sýningarnar yfir í 3-4 vikur í senn.

Sú nýbreytni hefur verið gerð á Salnum (Hafnarstræti) að nú miðast opnunartíminn ekki lengur við opnunartíma skrifstofu SÍM heldur getur listamaðurinn ráðið opnunartíma utan venjulegs skrifstofusíma, en viðkomandi þarf að sjá um yfirsetuna sjálfur.

Sýningarnar hafa verið vel sóttar og hægt er að fylgjast með því hvað er á dagskrá bæði á heimasíðu SÍM og Facebook-síðu sambandsins.

Heimasíða SÍM

Heimasíða SÍM hafði lengi verið í ólestri og var Marcel Tarelkin, þýskur listamaður, sem dvalið hefur í SIM Residency nokkrum sinnum, fenginn til að hanna nýja vefsíðu fyrir SÍM frá grunni. Hönnunin miðar öll að því að vefurinn hafi nútímalegt, einfalt og þægilegt viðmót og þar sé auðvelt að nálgast allar helstu upplýsingar um starfsemi SÍM og starfsumhverfi félagsmanna. Helstu nýjungar eru að nú geta félagsmenn skráð sig inn á innra svæði og sótt sér þar ýmsar upplýsingar, sem ekki eru opnar almenningi, t.d. varðandi styrkumsóknir, vinnustofuhúsnæði ofl.

Starfsfólk SÍM vann náið með Marcel að gerð síðunnar, en stjórnin lagði línurnar. Ný heimasíða SÍM fór í loftið í nóvember 2021

Fréttabréf SÍM hefur að jafnaði komið út 1-2 svar í viku undanfarin ár.

Við hönnun nýju heimasíðunnar var opnað fyrir öflugan fréttagátt sem fréttabréf SÍM er beintengt inn á, og gerir þetta alla fréttaveitu og tilkynningar mun aðgengilegri en áður var. Fréttabréfið kemur nú út einu sinni í viku.

Rafrænt félagsskírteini SÍM:

Stjórn SÍM tók ákvörðun um að taka í notkun rafræn félagsskírteini síðastliðið haust en kostnaður vegna plastskírteinanna og umsýslu þeirra var orðinn gríðarlega hár vegna aukins kostnaðar við prentun og póstsendinga. Stjórn SÍM fól framkvæmdastjóra að skoða hvort hægt væri að hagræða í rekstri með umhverfissjónarmið að leiðarljósi ef farin væri þessi leið. Fyrirtækið Smart Solutions var valið til að sjá um hönnun og uppsetningu skírteinanna en fyrirtækið hefur verið leiðandi aðili á þessum markaði um skeið. Þessi nýjung var kynnt fyrir félagsmönnum í gegnum tölvupóst og heimasíðu SÍM á tímabilinu nóvember til mars en þó er enn boðið upp á að fá venjulegt félagsskírteini, en um 79% félagsmanna hafa kosið að nýta sér rafrænt félagsskírteini. Rafrænt félagsskírteini var kynnt fyrir IAA/AIAP og fengum við mjög jákvæðar viðtökur frá alþjóðasamtökunum og aðildarfélögum út í heimi.

IAA/AIAP

Vegna Covid var aðalfundi IAA (Alþjóðasamtök listamanna) frestað árið 2021, en á fundinum átti að ræða sérstaklega um höfundarréttar mál.

Fundur IAA 2022 var fjárfundur, umræðuefnið var um um málefni Úkraínu og tók formaður SÍM þátt í þeim umræðum.

Artótek

Í **Artótekinu** er til leigu og sölu myndlist eftir félagsmenn SÍM. Markmiðið með Artótekinu er að kynna notendum Borgarbókasafnsins og öðrum íslenska samtímalist og gefa þeim kost á að leigja eða eignast listaverk á einfaldan hátt. Artótekið nýtur sívaxandi vinsælda hjá almenningi og eru um 400 listaverk í útleigu í dag.

Félagsmenn eru hvattir til tryggja gott úrval og eðlilega endurnýjun verka og að vera virkir á facebooksíðu Artóteksins og nota myllumerkin #artotekid og #borgarbokasafnid.

Rekstarfélag SÍM og SIM Residency

Frá 1. janúar 2021 hefur fjárhagsleg umsýsla skrifstofu SÍM og Rekstrarfélags SÍM verið aðskilin. Skrifstofa SÍM sér um þjónustu við félagsmenn ásamt öllu sem því fylgir, en Rekstrarfélagið sér um rekstur allra fasteigna sem SÍM hefur yfir að ráða, ásamt fjárhagslegri umsýslu með SIM Residency, Listskreytingasjóði ríkisins og Artóteki.

Vinnustofur SÍM

Eftirspurn eftir vinnustofum SÍM er alltaf að aukast og í takt við fjölgun félagsmanna. SÍM framleigir vinnustofur til félagsmanna í 9 vinnustofuhúsum sem staðsett eru víðasvegar um höfuðborgarsvæðið. Árið 2021 bættust við þrjú vinnustofuhús. Vinnustofuhús SÍM eru á Seljavegi, Hólmaslóð, Héðinsgötu, Korpúlfsstöðum, Auðbrekku eitt, tvö og fjórtán í Kópavogi, á Nýbýlavegi og á Lyngási í Garðabæ, Fagfélögin sem hafa aðsetur á Korpúlfsstöðum eru Texilfélagið, Leirlistarfélagið og Félag íslenskra fagljósmyndara (FÍL).

Í þessum níu vinnustofuhúsum SÍM hafa um 240 félagsmenn vinnuaðstöðu sína. Því miður missum við húsnæðið í Lyngási seinna á árinu.

Mikil vinna hefur verið lögð í að finna fleiri vinnustofuhús og höfum við þess vegna verið í viðræðum við Fasteignir ríkisins um húsnæði í eigu ríkisins, en því miður hefur ekkert komið út úr þeim viðræðum enn sem komið er.

Vinnustofur SÍM í Berlín eru að opna aftur eftir langt Covid tímabil og er næstum fullbókað þar í sumar. SÍM getur einnig boðið félagsmönnum sínum dvöl í gestaíbúð SÍM í Apenu og er fullbókað þar fram í desember.

SÍM Residency Reykjavík– Gestavinnustofur fyrir erlenda listamenn.

SÍM Residency hefur verið starfrækt í 20 ár, eða síðan árið 2002. Verkefnastjóri er Martynas Petreikis myndlistarmaður. Martynas hefur lagt mikinn metnað í starfið og innleitt mikið af nýjungum sem hafa verið til mikilla bóta fyrir gestavinnustofu prógrammið. Ellefu gestavinnustofupláss eru á Seljavegi og sjö á Korpúlfsstöðum.

SÍM Residency bærust 239 umsóknir árið 2021 og var 175 umsækjendum boðið að taka þátt í SÍM Residency prógramminu. Hins vegar, vegna COVID afbókuðu 64 listamenn og féll þá nýtingin niður í 88% yfir árið. En í venjulegu ári er nýtingin á gestavinnustofuplássunum 100%. SÍM Residency átti á árinu samstarf við verkefnið Young Painter Prize frá Litháen, vinnustofuskipti voru við Vantaa Gjutars Residency og vinnustofuskipti í samvinnu við franska sendiráðið í Reykjavík, French Alliance á Íslandi og Nýló. Vinnustofuskiptin eru alltaf auglýstar á heimasíðu SÍM.

Martynas Petreikis og Marcel Tarelkin, þýskur listamaður, hönnuðu nýja vefsíðu fyrir SÍM Residency, sem hefur reynst góður gluggi út á við og veitir gestalistamönnum góðar upplýsingar. Í tengslum við gestavinnustofu-prógrammið eru haldin „Artist Talk“ og samsýning í SÍM salnum eða á Korpúlfsstöðu í lok hvers mánaðar. Frá stofnun SÍM Residency hefur SÍM tekið á móti hátt í 3.500 listamönnum, víðsvegar að úr heiminum til dvalar í Reykjavík.

Einn flóttamaður hefur dvalið í SÍM Residency í tvo mánuði núna í ár og á möguleika á að bæta einum mánuði við dvölinna hjá SÍM.

Aðildarfélög SÍM viðburðir á þeirra vegum:

Félag íslenskra myndlistarmanna (FIM) fagnaði 80 ára afmæli félagsins með útgáfu vandaðs rits um sögu félagsins “Að finna listinni samastað”. Útgáfuhóf var haldið á Kjarvalsstöðum í apríl 2022.

Félag íslenskra samtíma ljósmyndara (FÍSL) tók þátt í Ljósmyndahátíð Íslands með alþjóðlegri ljósmyndasýningu á Hlöðuloftinu í febrúar 2022 .

Íslensk Grafík er í sömu stöðu og fyrri ár varðandi húsnæði í Hafnarhúsinu sem félagið hefur haft á leigu, enn ekki hefur tekist að fá leigusamning við Reykjavíkurborg endurýjaðan.

Nú þegar Listaháskólinn hefur skrifað undir samning um um afnot af Tollhúsinu verður vonandi tækifæri á samstarfi milli Íslenskrar Grafíkur og Listaháskóla Íslands um samnýtingu á tækjum, og fagkennurum.

Það er ósk allra að félagið verði áfram í Tryggvagötunni, það væri farsæll endir á mikilli þrautargöngu félagsins ef jákvæð svör bærust frá Reykjavíkurborg á

árinu 2022. Þrátt fyrir erfiðleika hefur félagið náð að halda úti fjölda sýninga í sínu fallega sýningarsal.

Leirlistafélagið stefnir á sýningu með verkum frá núlifandi og látnum reynsluboltum fyrri tíma og ungum djörfum listamönnum, Sýningin verður á Hlöðuloftinu í nóvember 2022.

Myndlistarfélagið (Akureyri) Stendur fyrir regulubundnu sýningarhaldi í Mjólkurbúðinni sýningarsal félagsins, þar eru sýnd verk félagsmanna og unnið í samvinnu við listamenn, hér heima og erlendis.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík

Félagið á fimmtíu ára starfsafmæli 2022 og af því tilefni hafa verið haldnar fimm útilistaverka sýningar á jafnmörgum árum í kjölfar Hljólsins verður gefin út bók um verkefnið og sögu félagsins minns. Í húsnæði MHR á Nýlendugötu eru rekin verkstæði og vinnustofur.

Textilfélagið opnaði nýlega nýja heimasíðu og í fyrra flutti félagið sig til á Korpúlfsstöðum þar sem haldin voru námskeið og fyrirlestrar, opnir félagsmönnum og öðru áhugafólki um Textíl.

Einstaklingsaðild er ekki fagfélag og aðilar hafa ekki haldið fundi og kjósa ekki formann, hann er tilnefndur á aðalfundi SÍM.

MÁL MÁLANNA - BARÁTTAN FYRIR BÆTTUM KJÖRUM og betra starfsumhverfi íslenskra myndlistarmanna

Mótun myndlistarstefnu á Íslandi, endurskipulagning og Stofnun Myndlistarmiðstöðvar. Myndlistarstefna, sem unnið hefur verið að með þátttöku fulltrúa SÍM undanfarin tvö ár, er loksins komin í formlegt samþykktarferli á vegum Menningarmálaráðuneytis. Stefnt er að því að hún verði lögð fyrir Alþingi í haust (2022). Samkvæmt stefnunni verður komið á fót Myndlistarmiðstöð sem falið verður öflugt hlutverk í þjónustu við íslenskan myndlistarvettvang, bæði innan lands og utan. Markmiðið er einnig að auka verulega kynningu á myndlist, til almennings og í almenna menntakerfinu.

Meiningin er að Listskreytingsjóður verði eflur til muna og felldur undir þessa nýju miðstöð. Öllum ákvörðunum fylgir skuldbinding um fjármagn til að tryggja að aðgerðir gangi eftir og markmiðum verði náð. Það verður hlutverk SÍM á næsta ári að fylgja þessum markmiðum eftir og knýja á um að staðið verði við fögur fyrirheit.

Starfslaun listamanna

Á vegum menningarmálaráðuneytis er verið að vinna að nýjum lögum um launasjóði listamanna, en sú vinna byggir á tillögum um eflingu sjóðsins sem stjórnir SÍM og BÍL hafa haft virka aðkomu að og barist fyrir undanfarin ár.

Rannsóknir á stöðu skapandi greina

Verið er að leggja drög að ítarlegu rannsóknarstarfi á framlagi lista og skapandi greina. Margir aðilar leggjast á eitt við verkefnið: GAGNÍS og félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, ásamt Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík hafa sótt um í Innviðasjóð til uppbyggingar rannsóknarinnviða til þess að þróa gagnasöfnun og “vélbúnað” Rannsóknarseturs skapandi greina.

Samhliða þessu er Bifröst, með stuðningi BÍL, listamiðstöðvunum og LHÍ að sækja til - Menningarmálaráðuneyta um stuðning við stofnunar rannsóknarseturs og hefur Anna Hildur Hildibrandsdóttir sent erindi og beiðni þessa efnis inn til ráðherra fyrir hönd þeirra.

Hagfræðilegar rannsóknir SÍM

SÍM hefur á síðustu árum kannað aðstæður og hag félaga sinna og komið niðurstöðum kannana sinna á framfæri við opinberar stofnanir og ráðuneyti. Þessi vinna er að skila sé og hefur t.d. haft veruleg áhrif á aukningu styrkja undanfarið. Nú er Hagstofa Íslands komin í samstarf við listamenn um verkefnið. Þetta er einnig í samræmi við markmið Myndlistarstefnu, að efla upplýsingöflun og þróa hagvísa sem lýsa ástandi vinnumarkaðs/afkomu listamanna. Þetta kemur til með að nýtast okkur afar vel í baráttu okkar fyrir bættri afkomu myndlistarmanna í framtíðinni.

Borgum listamönnum

Stjórn SÍM á enn í viðræðum við nokkur söfn Reykjavíkurborgar og söfn fleiri sveitarfélaga um gerð samkomulaga í tengslum við verkefnið *Við borgum listamönnum*. Stefnt er að því að ganga frá samkomulagi við ýmsar safnastofnanir borgarinnar í samræmi við samkomulagið við Listasafn Reykjavíkur.

Viðmiðunartaxtar Við viljum benda á að búið er að uppreikna áætlað viðmiðunar tímakaup listamanna úr kr. 6.500 í kr. 9.077 í samræmi við uppreiknaða launavísitölu. Framvegis verður þess gætt að uppreikna jafnan þessar tölur til samræmis við almennar verðbreytingar.

Korpúlfsstaðir opinber menningarmiðstöð í menningarstefnu Reykjavíkur

Reykjavíkurborg er eigandi Korpúlfsstaða, og leigir SÍM húsnæðið af borginni. Mikilvægt er tryggja með samningi afnot okkar af húsnæðinu til frambúðar. Í mörg ár hefur stjórn SÍM kynnt áform sín um að gera Korpúlfsstaði að listamiðstöð í Grafarvogi, meðal annars í þeim tilgangi að tryggja ítök SÍM þar. Það er ánægjulegt að geta þess að gert er ráð fyrir þessari listamiðstöð í nýútkominni menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Í því felst að bjóða upp á fjölbreyttari listdagskrá en nú er í boði, og jafnframt að hún laði að meðal annarra íbúa úr nærumhverfinu.

Í þessu samhengi er unnið að eflingu starfsins á Korpúlfsstöðum með aukinni áherslu á sýningar á Hlöðuloftinu, en salurinn er þegar orðinn vinsæll meðal myndlistarmanna og er nú bókaður tvö ár fram í tímann. Enn fremur er aukning á funda- og ráðstefnuhaldi í fundarsalnum á Suður-loftinu. Stefna þarf að því að halda úti fjölbreyttri viðburðadagskrá í framtíðinni. Þessi auknu umsvif kalla eftir bættri kaffi/veitinga-aðstöðu þar, sem mundi að sjálfsögðu einnig nýtast fyrir þá fjölmörgu listamenn sem hafa aðstöðu í húsinu, sem og SÍM-Residency listamennina. Það mál er í athugun.

Þess má geta að Listaháskólinn mun leigja aðstöðuna einn mánuð á ári fyrir workshop um rými.

Á árinu voru keypt tæki til að bæta aðstöðu til funda- og rástefnuhalds, vandaður myndvarpi og sýningartjald og annað sem þarf til að geta notað fundarsalinn til fundahalds og annarar uppákomu.

Listaháskóli Íslands

Stjórn SÍM ákvað, í samstarfi við önnur aðildarfélög BÍL, að taka virkan þátt í Baklandi Listaháskóla Íslands og skipa þangað fulltrúa. Markmiðið er að taka virkan þátt í faglegri stefnumótun skólans og áherslum. Jafnframt var ákveðið, í samstarfi aðildarfélaga BÍL, að beita sér innan Bandalags háskólamanna um að færa kjör kennara við Listaháskólann til eðlilegs horfs. Við fögnum því svo sannarlega að loksins hafi verið gengið frá samningi um að skólinn komist í endanlegt ásættanlegt húsnæði í Tollhúsinu við Tryggvagötu og lýsum yfir stuðningi við skólann á þessum tímamótum.

Stofnun fagráða við listasöfn landsins

Stjórn SÍM vinnur að því, í samstarfi við Safnaráð og ICOM (International Council of Museums) að komið verði á virkum safnráðum í listasöfnum á Íslandi þar sem samtök listamanna eigi beina aðkomu með skipun fulltrúa. Þetta er í samræmi við verklagsreglur ICOM. Nokkrar stofnanir virða reglur ICOM hvað þetta varðar, en víða þarf að koma á fastmótaðra fyrirkomulagi.

Listskeytingasjóður ríkisins

Listskeytingasjóður hefur verið óvirkur allt árið, tveir formenn hafa sagt af sér, annar eftir að SÍM gerði athugasemdir við hæfi hans. Enn er beðið eftir að ráðherra tilnefni

nýjan formann til að koma starfsemi sjóðsins í ásættanlegt horf. Erfiðlega hefur gengið að fá ráðamenn til að standa við fyrirheit um starfsemi sjóðsins þrátt fyrir síendurtekin erindi SÍM um málefnið. Stefnt er að því að Listskreytingasjóður verði hýstur hjá nýrri Myndlistarmiðstöð í framtíðinni og ætlum við fylgja því eftir að festa komist á starfsemi hans. Ingibjörg Gunnlaugsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri Listskreytingasjóðs síðastliðin 23 ár og á þeim tíma hefur sjóðurinn styrkt kaup á um 600 listaverkum sem staðsett eru í og við opinberar stofnanir um land allt. Einnig hefur sjóðurinn veitt faglega ráðgjöf við val á listaverkum vegna 1%, í fjölda opinberra nýbygginga.

Myndlistarráð og Myndlistarsjóður

Ágætis árangur varð í vinnu við að efla Myndlistarsjóð, en fjármagn til sjóðsina jókst úr 53 milljónum króna í 96 milljón króna, eða sem nemur 43 milljónum. Bætt staða sjóðsins hefur gert Myndlistarráði kleift að gefa aukið svigrúm til styrkveitinga; hámark styrkja hefur verið aukið úr tveimur milljónum í þrjár; nú getur sjóðurinn styrkt allt að 70 prósent af styrkhæfum kostnaði við verkefni í stað 50 prósent; einnig er hægt að veita styrki vegna kaupa á tækjabúnaði til sýningarhalds, en áður var einungis hægt að styrkja leigu á tækjum. Búið er að taka upp nýjan og öruggari hugbúnað fyrir umsóknarferli Myndlistarsjóðs og Myndlistarráð vinnur að því að gera umsóknarferlið skýrara og einfaldara. Stjórn SÍM kemur til með að berjast fyrri því í haust að þessi aukning á fjármagni sjóðsins haldi sér eftir að átaki vegna Covid-19 lýkur, enda er hún í samræmi við upphafleg markmið laga um Myndlistarsjóð frá 2013.

Myndlistarráð stendur áfram fyrir Myndlistarverðlaunum og hafa þau verið eflað með innleiðingu nýrra flokka, samkvæmt tillögum fulltrúa SÍM.

Nú eru veitt nýjar viðurkenningar vegna „áhugaverðasta endurlitsins“, þar sem veitt yrði viðurkenning fyrir sýningu á eldri list, og fyrir „áhugaverðustu samsýninguna“.

Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson eru Myndlistarmenn ársins 2022.

List tímaritið Myndlist á Íslandi

Tímaritið Myndlist á Íslandi er samvinnuverkefni milli SÍM, KÍM, LHÍ, Myndlistarráðs og Listfræðifélags Íslands. Starkaður Sigurðarson er ritstjóri.

Tímaritið er byggt á grundvelli Störu, sem SÍM gaf út með góðum árangri. Myndlist á Íslandi lofar góðu og hefur verkefnið mælst vel fyrir og verið öflugt til kynningar á íslenskri myndlist, bæði innan lands og utan. Viðburður vegna útgjafunnar og kynning vakti talsverða athygli á Feneyjatvíæringnum nú í ár.

Heiðurslaun Alþingis

Lagt er til að fyrirkomulag launa til heldri listamanna verði fært í faglegan búning við gerð nýrra laga um launasjóði listamanna sem nú eru í vinnslu.

FRAMTÍÐ 2022-2023

Stjórn SÍM hefur átt mjög gott samstarfi við stjórnir KÍM, BÍL, MYNDSTEFS, Listaháskólans og BHM síðustu árin.

Stjórnirnar hafa sameinast um ýmis áhersluatriði í baráttunni fyrir bættum kjörum listamanna, en einnig fyrir bættu faglegu umhverfi lista og menningar í íslensku samfélagi. Samstarfið hefur þegar skilað góðum árangri. En langt er í land, og munum við halda áfram samstarfi um þau langtíma verkefni á þessu sviði sem liggja fyrir.

Mánuður myndlistar verður haldinn í október 2022.

Í vor verður sent út bréf til allra grunn- og framhaldsskóla á landinu sem málið varðar til að kanna hverjir hafa áhuga á að fá listamenn í heimsóknir, þar sem skólar voru beðnir um að skrá sig í skólakynningar myndlistarmanna sem fram fara í október. Ásgerður mun halda utan um verkefnið. Vonir standa til að skólakynningar Mánaðar myndlistar verði haldnar með hefðbundnum hætti í haust.

WORLD ART DAY

SÍM hóf að halda World Art Day hátíðlegan árið 2021 með vídeó-inniliti í vinnustofur félagsmanna. Vídeóin eru aðgengileg á vefsíðu SÍM og var einnig deilt víða. Stefnt er á að halda slíkum heimsókum áfram næstu árin. Ráðgert var að hefja heimsóknirnar í mars 2022 með ferð norður í land. En þegar Rússland réðst inn í Úkraínu var stjórn og starfsfólk SÍM sammála um að fresta verkefninu á Norðurlandi og í staðinn tileinka Úkraínu World Art Day 2022 og sýna þannig samstöðu. Til stendur að halda áfram í haust þar sem frá var horfið og heimsækja listamenn SÍM á landsbyggðinni fyrir World Art Day 2023.

TORG Listamessa 2022 í Reykjavík

Messan verður haldin í fjórða sinn á Hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum í haust og verður opnunin föstudaginn 14. Október. Að þessu sinni verða tvær sýningarhelgar; opið helgina 15-16. október og aftur helgina 22-23. Október. Sýningarstjóri verður til aðstoðar fyrir þátttakendur með val á verkum og upphengi þeirra. Vegna takmarkaðs fjölda bása í salnum mun sýningarstjóri velja úr innsendum umsóknum. Þegar hefur verið auglýst eftir umsóknum um sýningarpláss.

Korpúlfsstaðir menningarmiðstöð SÍM í Grafarvogi

Mikilvægt er auka fjölbreytni viðburða á Korpúlfsstöðum og verður það eitt af markmiðum næstu ára og getur hafist strax á þessu ári ef við verðum viðurkennd sem hluti af Borgarhátíð í Reykjavík en SÍM sótti um þátttöku á yfirstandandi ári (2022) ásamt tilheyrandi verkefnisstyrk.

Ef umsóknin verður samþykkt verður Mánuður Myndlistar og Torg listamessa 2022 (í október mánuði) framlag SÍM á Borgarhátíð 2022. Þá verður til dæmis ráðinn sýningarstjóri messunnar, verkefnisstjóri og kynningarstjóri fyrir viðburði SÍM á hátíðinni, það verða fengnir erlendir og innlendir listrýnar til að halda erindi á málþingum í fundarsalnum, og fleira verður í boði í þessum mánuði Myndlistar .

Ráðgjöf fyrir félagsmenn

Komið hefur fram hugmynd að SÍM bjóði upp á ráðgjöf fyrir félagsmenn varðandi gerð umsóknargagna, til dæmis vegna styrkumsókna. Þetta væri áhugavert verkefni, en þá þarf SÍM að hafa meira fjármagn til umráða en nú er. Það mætti e.t.v. hugsa sér að SÍM gæti útbúið vinnuáðstöðu, en félagsmenn greiði sjálfir fyrir ráðgjöfina.

Alþjóðlegt samstarf

Áframhaldandi samstarf við IAA/AIAP, SUVA í Bratislava, verkefnið Young Painter Prize frá Litháen, vinnustofuskipti voru við Vantaa Gjutars Residency og vinnustofuskipti í samvinnu við franska sendiráðið í Reykjavík, French Alliance á Íslandi og Nýló.

Brýnt er að stjórn SÍM haldi áfram með eftirfarandi verkefni:

Skipuleggja og formgera samstarf við nýja Myndlistarmiðstöð. Stefnt er að því að hún sinni þjónustu við listamenn sem SÍM hefur að hluta til sinnt þar til nú.

Vinna í öflugum samstarfi við Myndstef um réttindamál listamanna og auknar tekjur vegna höfundar greiðslna og fylgiréttar.

Starfa með öðrum listgreinafélögum í Baklandi Listaháskólans við að efla skólann í nýju húsnæði og koma honum nær því markmiði að bera svipuð gjöld og aðrir háskólar í landinu.

Vinna í samvinnu við BHM til að tryggja launarétt listamanna og eftirlaun.

Halda áfram virku samtali SÍM um markvissa stefnumótun listasafna í landinu listamönnum til hagsbóta. Þetta snýr að þóknun fyrir verk á sýningum og að því að efla möguleika þeirra til listaverkakaupa og -framleiðslu.

Vinna áfram að því að hækka starfslaun og fjölga þeim.

Vinnu í því að koma á kerfi sem styrkir vinnuáðstöðu listamanna í formi húsaleigustyrks og lækkunar á fasteignagjöldum á iðnaðarhúsnæði sem listamenn nýta sér, leigja eða eiga.

Vinnu vegna skattamála, tollamála og höfundarréttar listamanna

Styðja við og efla almenna og víða þekkingu í skólum landsins

Auka samvinnu og samskipti við erlend listafélög og stofnanir á þessum viðsjárverðu tímum.

Efla samvinnu fagfélaga SÍM innbyrðis og koma á formlegum samstarfsvettvangi þeirra innan vébanda SÍM.

Formgera og endurskipuleggja fyrirkomulag einstaklingsaðildar að SÍM

Halda áfram með verkefnið Borgum listamönnum og virkja þá hugmyndafræði víðar í samfélaginu.

Opna Korpúlfsstaði enn frekar sem öflugum miðju myndlistar auk þess að eiga í frekara samstarfi við önnur félög listamanna í að koma á aukinni viðburðardagskrá. Þýða alla þætti vefsíðu SÍM yfir á ensku og virkja tengingu við þýðingarforrit þannig að hún sé aðgengileg fólki sem nýtir sér önnur tungumál.

Bæta úr vandræðagangi listasafnanna vegna aðstöðuleysis þeirra varðandi, geymslu listaverka, forvörslu þeirra og öðru því sem telst eðlilegt í safnarekstri. Við höfum áhuga á að Listskreytingasjóður verði gerður að formlegu listasafni með safnaeign sjóðsins með aðild að ICOM þannig að hann þurfi að hlíta ytrustu reglum um safnarekstur og –eign.

Komið verði á Listskreytingasjóði Reykjavíkur sem sérstakri stofnun sem starfi í nánú samstarfi við Listasafn Reykjavíkur.

Starfsárin 2020, 2021 og 2022 hafa verið óvenju krefjandi. Stjórn SÍM þakkar öllum nefndarmönnum sem hafa unnið gott starf fyrir SÍM á árinu og öllum þeim sem hafa komið að þeim mikilvægu verkefnum sem SÍM hefur unnið að.